

Lagt fyrir fund velferðarráðs 1. nóvember 2023

Tillaga velferðarráðs

Sviðsstjóra er falið að vinna kostnaðarmetna tillögu að áframhaldandi starfsemi Atvinnu-og virknimiðlunar út frá þeirri reynslu sem hefur skapast og í samráði við stýrihóp um mótun Virknistefnu. Skoða skal sérstaklega samspil endurhæfingarúrræða velferðarsviðs í því samhengi . Gert er ráð fyrir að starfsemi Atvinnu-og virknimiðlunar verði áfram innan Virkniúss og skoða mætti að sameina alla atvinnuráðgjöf Reykjavíkur á einn stað.

Greinargerð

Atvinnu-og virknimiðlun hefur verið starfandi í fjölbreyttri mynd allt frá hausti 2020. Núverandi verkefni hófst 1. maí 2022 og stendur út apríl 2024. Markmið starfseminnar er fyrst og fremst að veita sérhæfðan stuðning við atvinnuleit og samskipti við fyrirtæki og stofnanir til að útvega störf fyrir fólk með fjárhagsaðstoð til framfærslu. Verkefnið hefur þegar sannað gildi sitt þar sem stór hópur notenda er ekki lengur með fjárhagsaðstoð til framfærslu. Ábati verkefnisins er áætlaður um tæpar 33 milljónir króna á umræddu tímabili.